

66 ast, og aðrir, sem meðsekir reynast, skulu sæta sektum samkvæmt ákvæðum 1. 31. des. málsg. þessarar greinar.

Andvirði upptækrar vöru rennur í verðjöfnunarsjóð þess verðjöfnunarsvæðis, sem brotið er framið á.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

67

31. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast fyrir
Akureyrarkaupstað lán til rafvirkjunar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 2 milljóna króna lán fyrir Akureyrarkaupstað til rafvirkjunar, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði raforkuveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 31. desember 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.